

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 7. desember 2009.

**Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 75/1997 um
sammingsveð, 7. mál.**

Neytendasamtökin fagna hugmyndum er snúa að því að bæta hag skuldara og
takmarka rétt kröfuhafa við fullnustu skulda.

Ef litið er til þess lánaþyrirkomulags sem tíðkast hér á landi er ljóst að bæði gengislán
og verðtryggð lán breytast í takt við gengissveiflur og verðbólgu, en ekki
markaðsvirði eigna og má því gera ráð fyrir að í mörgum tilvikum dugi fasteignaveð
ekki til greiðslu áhvílandi lána. Því standa margir frammi fyrir því að missa ekki
einasta íbúðarhúsnæði sitt heldur sitja jafnframt uppi með skuldir sem leiðir svo aftur
til þess að þeir eiga á hættu að missa aðrar eignir.

Neytendasamtökin eru því sammála þeirri grunnhugsun sem að baki frumvarpinu býr.

Hins vegar er það mat samtakanna að æskilegt væri að ganga enn lengra í átt að því
markmiði að koma á sanngjarnri meðferð skuldara og
ábyrgari lánveitingum.

Með vísan til þess að lán, bæði verðtryggð og myntlán, hafa hækkað gríðarlega má
ímynda sér að þeir sem hafa tekið lán með veði í bifreið og standa ekki lengur undir
greiðslum geti staðið frammi fyrir því að missa íbúðarhúsnæði vegna ógreiddra
eftirstöðva bílaláns eftir að vörslusvipting bifreiðar hefur átt sér stað. Slík niðurstaða
hlýtur að teljast ósanngjörn í garð lántaka, en gera má ráð fyrir að flestir þeirra hefðu
staðið í skilum hefðu ekki komið til umfangsmiklar gengissveiflur, þ.e. væri hækkun
greiðslubyrði innan eðlilegra marka. Með því verklagi sem nú er viðhaft má einnig
ætla að allri áhættu af gengissveiflum og hækkunum lána af öðrum orsökum sé varpað
yfir á lántaka.

Neytendasamtökin telja því eðlilegast, ekki síst til að stuðla að ábyrgari lánveitingum
en hingað til hafa viðgengist, að breyta lögum um sammingsveð á þann hátt að sá sem
veitir lán gegn veði eigi ekki frekari kröfur vegna lánsins en veðið, óháð því um hvers
konar veð er að ræða, sem sett er til tryggingar. Er þá gert ráð fyrir að einungis hið
veðsetta standi til tryggingar skulda, en hvorki aðrar eignir né persónuleg ábyrgð

lántaka. Þetta yrði þó bundið þeim skilyrðum að lántaki væri einstaklingur og lánið komið til vegna kaupa, endurfjármögnunar eða endurbóta á hinni veðsettu eign.

Telja samtökin að slík breyting mundi ekki einasta bæta aðstöðu þeirra sem nú eiga í greiðsluvanda heldur einnig stuðla að ábyrgari lánveitingum og sporna gegn offramboði lánsfjár þar eð gera má ráð fyrir að lánveitendur gengju í framtíðinni úr skugga um að hin veðsetta eign stæði undir láninu. Leiði hækkun láns til þess að veðsett eign stæði ekki lengur undir því bæri lántakandi þá ekki lengur einn hallann af þeirri þróun.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunur Hafsteinsdóttir